



Borgarráð

Reykjavík, 22. júní 2026

MSS26060049

Erindisbréf - Nefnd um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar og skipi Einar Þorsteinsson sem jafnframt verður formaður nefndarinnar, Björgu Magnúsdóttur, Pétur Hafliða Marteinson og Líf Magneudóttur ásamt borgarstjóra sem fer með eigendafyrirsvar Reykjavíkur, í nefndina.

Greinargerð:

Þann 3. maí 2022 var eigendastefna Reykjavíkurborgar samþykkt á fundi borgarstjórnar. Í eigendastefnunni er m.a. kveðið á um að borgarráð skuli tilnefna fjóra borgarráðsfulltrúa í tilnefningarnefnd ásamt eigendafyrirsvari Reykjavíkurborgar (borgarstjóra), sem gerir rökstudda tillögu, byggða á faglegu mati, til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar og gildir um eignarhald borgarinnar á þeim fyrirtækjum sem borgin á a.m.k. 50% eignarhlut í (félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar), sem og þau fyrirtæki þar sem bókfært virði eignarhlutar nemur kr. 100.000.000 eða meira. Það er hlutverk borgarráðs að gæta að því að tilnefningar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. stjórnarsýslulaga. Tilgangurinn með skipan tilnefningarnefndar er að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila. Náist ekki samkomulag innan tilnefningarnefndar um sameiginlega tillögu nefndarinnar til borgarráðs, skal nefndin miða við að tilnefningarnar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. SSL Skal við það miðað að fulltrúum stjórnsmálasamtaka í borgarstjórn gefist kostur á að tilnefna í trúnaðarstöður, annarra en trúnaðarstöður óháðra aðila, sem nemur hlutfallslegu vægi í borgarstjórn. Jafnframt verði tilnefningarnefnd falið að undirbúa tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – nefnd um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar



MSS26060049

ERINDISBRÉF

Nefnd um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar 2019 voru samþykktar tillögur að breytingum á skipulagi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Á meðal tillagnanna var að settur yrði á laggirnar stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B-hluta félögum. Stýrihópur var skipaður þremur fulltrúum meirihluta og tveimur fulltrúum minnihluta. Borgarráð fjallaði um tillögur stýrihópsins um almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar á fundi sínum 28. apríl 2022 og vísað þeim til afgreiðslu borgarstjórnar sem samþykkti tillögurnar á fundi sínum 3. maí 2022.

Eigendastefnan tekur mið af Leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu frá 2015 (Leiðbeiningar OECD). Með eigendastefnunni er mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigandavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigendastefnan nær til. Leitast er við að skýra hlutverk, umboð og ábyrgð eigandavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum, fyrirkomulag og þátttöku í ákvörðunum um stefnumörkun og mikilvæg málefni fyrirtækjanna og samskipti við stjórnir, stjórnendur og aðra eigendur. Þannig á eigendastefnan að tryggja gegnsæja, faglega og skilvirka meðferð eigandavalds Reykjavíkurborgar.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Í eigendastefnunni er m.a. kveðið á um að borgarráð tilnefnir fjóra borgarráðsfulltrúa í tilnefningarnefnd ásamt eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar (borgarstjóra), sem gerir rökstudda tillögu, byggða á faglegu mati, til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar og gildir um eignarhald borgarinnar á þeim fyrirtækjum sem borgin á a.m.k. 50% eignarhlut í (félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar), sem og þau fyrirtæki þar sem bókfært virði eignarhlutar nemur kr. 100.000.000 eða meira. Borgarráð skal gæta að því að tilnefningar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. SSL. Tilgangurinn með skipan tilnefningarnefndar er að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila.

Helstu verkefni:

Til grundvallar liggur almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar þar sem helstu verkefni tilnefningarnefndar eru eftirfarandi:

- Undirbúa tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækjanna, og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).



Reykjavík



- Viðhafa faglegt mat við tilnefningu í stjórnir fyrirtækjanna og skila rökstuddri tillögu sinni þar að lútandi til borgarráðs.
- Setja sér starfsreglur og starfsáætlun.
- Auglýsa á heimasíðu Reykjavíkurborgar og eftir atvikum annars staðar, eftir aðilum til setu í stjórnnum einkaréttarlegra fyrirtækja í eigu borgarinnar.
- Líta skal til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu - sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.
- Í stjórnnum, nefndum og ráðum einkaréttarlegra fyrirtækja skal vera til staðar þekking á eftirfarandi sviðum: 1) Starfsemi og rekstur fyrirtækisins 2) Stjórnun og stjórnarhættir 3) Stefnumótun og framtíðarsýn 4) Fjármál og sjálfbærni 5) Mannauðsmál 6) Samfélagsleg ábyrgð, umhverfismál og hagaðilar fyrirtækisins
- Fjöldi stjórnarmanna ræðst af eðli rekstrar fyrirtækis, umfangi hans og efnahags og skal miðað við að stjórnarmenn séu ekki færri en 5 talsins.
- Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óhæði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni.
- Náist ekki samkomulag innan tilnefningarnefndar um sameiginlega tillögu nefndarinnar til borgarráðs, skal nefndin miða við að tilnefningarnar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. SSL. Skal við það miðað að fulltrúum stjórnsmálasamtaka í borgarstjórn gefist kostur á að tilnefna í trúnaðarstöður, annarra en trúnaðarstöður óháðra aðila, sem nemur hlutfallslegu vægi í borgarstjórn.
- Jafnframt verði tilnefningarnefnd falið að undirbúa tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar í endurskoðunarnefnd og kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

Tilnefninganefndina skipa:

Hildur Björnsdóttir eigendafyrirsvar, borgarstjóri
Einar Þorsteinsson formaður
Björg Magnúsdóttir
Pétur Hafliði Marteinnsson
Líf Magneudóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Með starfshópnum starfi Þorsteinn Gunnarsson borgarritari. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa við störf sín.



Starfstímabil:

Tilnefninganefndin skal starfa til loka kjörtímabilsins.

Reykjavík, [dags.]

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri